



Reykjavík, 22. ágúst 2019

Hagnaður TM á öðrum ársfjórðungi nam 1.337 milljónum króna.

Á stjórnarfundum þann 22. ágúst 2019 samþykkti stjórn og forstjóri TM annað árshlutauppgjör félagsins fyrir árið 2019. Árshlutareikningurinn hefur verið kannaður af endurskoðendum félagsins.

Sigurður Viðarsson, forstjóri TM:

„Mjög góð afkoma TM á öðrum ársfjórðungi skýrist einkum af góðri ávöxtun fjárfestingaeigna. Þá var einnig ágætis framlegð af váttryggingastarfseminni þar sem mikil bæting varð frá fyrra ári. Samkvæmt uppfærðri rekstrarspá fyrir árið 2019 gerir félagið nú ráð fyrir að hagnaður ársins fyrir tekjuskatt verði um 2,7 milljarðar króna.“

TM og Klakki ehf. hófu einkaviðræður um kaup TM á Lykli fjármögnun hf. þann 21. júlí s.l. Gefa aðilar sér 8 vikur frá þeim tíma til að ljúka viðræðum. Það mun því liggja fyrir um miðjan september hver niðurstaðan verður. TM sér mikil tækifæri í þessum kaupum og þeim möguleikum sem þau skapa til útvíkkunar núverandi starfsemi félagsins.“

Helstu niðurstöður annars ársfjórðungs 2019 voru eftirfarandi:

	2F 2019	2F 2018	Δ	Δ%	1H 2019	1H 2018	Δ	Δ%
Eigin iðgjöld	3.992	3.851	141	3,7%	7.806	7.638	168	2,2%
Fjárfestingatekjur	1.483	334	1.150	344,4%	2.435	1.071	1.364	127,3%
Aðrar tekjur	8	31	(23)	(75,5%)	16	39	(23)	(59,2%)
Heildartekjur	5.483	4.216	1.267	30,1%	10.257	8.748	1.509	17,3%
Eigin tjón	(3.093)	(3.442)	349	(10,1%)	(6.409)	(6.735)	326	(4,8%)
Rekstrarkostnaður	(877)	(901)	24	(2,7%)	(1.770)	(1.877)	107	(5,7%)
Fjármagnsgjöld	(65)	(41)	(24)	57,7%	(116)	(91)	(25)	27,1%
Virðisrýrnun fjáreigna	(7)	(29)	23	(77,7%)	(66)	19	(85)	-
Heildargjöld	(4.041)	(4.413)	373	(8,4%)	(8.361)	(8.684)	323	(3,7%)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	1.442	(197)	1.640	-	1.896	64	1.832	-
Tekjuskattur	(106)	57	(163)	-	(126)	85	(212)	-
Hagnaður (tap)	1.337	(140)	1.477	-	1.770	149	1.621	-

Fjárhæðir eru í milljónum króna.

Samsett hlutfall á öðrum ársfjórðungi var 96,8%.

Afkoma TM á öðrum ársfjórðungi 2019 var umtalsvert betri en á sama tímabili fyrra árs og samsett hlutfall var 96,8% samanborið við 109,9%. Rekstrarspá félagsins gerði ráð fyrir að samsett hlutfall á tímabilinu yrði 96%. Samsett hlutfall TM síðustu 12 mánuði er 100,1% og spár gera ráð fyrir að samsett hlutfall ársins 2019 verði 99,5%.

Bætt afkoma af slysatryggingum og sér í lagi eignatryggingum skýrir þann viðsnúning sem hefur orðið í váttryggingastarfsemi á fjórðungnum samanborið við síðasta ár. Eigin iðgjöld vaxa um 3,7% á milli ára og eigin tjón lækka um 10,1%. Hagnaður TM á öðrum ársfjórðungi nam 1.337 m.kr. eftir skatta, samanborið við tap upp á 140 m.kr. á sama tímabili 2018, og framlegð af váttryggingastarfsemi var jákvæð um 126 m.kr.

Kostnaðarhlutfall félagsins á öðrum ársfjórðungi var 19,4% samanborið við 20,6% á sama tímabili 2018. Kostnaðarhlutfall síðustu 12 mánuði er 19,1% og gert er ráð fyrir að kostnaðarhlutfall næstu 12 mánuði verði 18,6%.

Mjög góð ávöxtun af fjárfestingum á fjórðungnum - uppfærð spá fjárfestingatekna fyrir árið 2019.

Fjárfestingatekjur námu 1.483 m.kr. á öðrum ársfjórðungi 2019 sem jafngildir 4,9% ávöxtun. Þetta eru hæstu fjárfestingatekjur TM á einum fjórðungi frá skráningu félagsins 2013.

Innlendir verðbréfamarkaðir voru hagfelldir á öðrum ársfjórðungi en markaðsvísitala Gamma hækkaði um 4,9% á fjórðungnum. Mjög góð afkoma var af skráðum og óskráðum hlutabréfum en afkoma af þessum eignaflokkum skýrir tæplega tvo þriðju af fjárfestingatekjum fjórðungsins. Ávöxtun skráðra hlutabréfa var 14,0% á tímabilinu en til samanburðar hækkaði hlutabréfávísitala Gamma um 7,2% á sama tíma. Þá skýrist góð ávöxtun af óskráðum hlutabréfum m.a. af sölu á eignarhlut félagsins í HSV eignarhaldsfélagi.

Fjárfestingatekjur á öðrum ársfjórðungi voru töluvert umfram spá sem gerði ráð fyrir 846 m.kr. tekjum. Þetta hefur í för með sér að spá fyrir fjárfestingartekjur á árinu 2019 hefur verið hækkuð úr 3.043 m.kr. upp í 3.337 m.kr. Þrátt fyrir að þróun á mörkuðum hafi verið frekar óhagfelld það sem af er þriðja fjórðungi.

Lykiltölur annars ársfjórðungs 2019 voru eftirfarandi:

	2F 2019	2F 2018	1H 2019	1H 2018
Hagnaður á hlut (kr.)	1,97	(0,21)	2,61	0,22
Arðsemi eigin fjár (m.v. 12m)	45,7%	-4,3%	28,2%	2,3%
Eiginfjárlutfall	35,0%	33,7%	35,0%	33,7%
Handbært fé frá rekstri	629	(116)	1.845	645
Váttryggingastarfssemi				
Tjónshlutfall	77,5%	89,4%	82,1%	88,2%
Kostnaðarhlutfall	19,4%	20,6%	20,0%	21,7%
Samsett hlutfall	96,8%	109,9%	102,1%	109,9%
Rekstrarafkoma	409	(213)	194	(327)
Framlegð	126	(383)	(161)	(753)
Fjárfestingar				
Ávöxtun fjáreigna	4,9%	1,2%	8,4%	3,9%

Fjárhæðir eru í milljónum króna

Rekstrarspá.

Rekstrarspá félagsins gerir ráð fyrir að hagnaður ársins fyrir tekjuskatt verði 2.716 m.kr. og samsett hlutfall verði 99,5%. Næstu fjóra fjórðunga gerir spáin ráð fyrir að samsett hlutfall verði 98,1%, framlegð váttrygginga verði 306 m.kr. og ávöxtun fjáreigna verði 6,9%.

	3F 2019	4F 2019	1F 2020	2F 2020	Samtals	S 2019	2018	Δ	Δ%
Eigin iðgjöld	4.097	4.023	4.074	4.202	16.395	15.926	15.648	278	2%
Fjárfestingar og aðrar tekjur	215	701	572	703	2.192	3.367	1.868	1.499	80%
Heildartekjur	4.312	4.724	4.646	4.905	18.587	19.293	17.516	1.777	10%
Eigin tjón	(3.294)	(3.100)	(3.425)	(3.216)	(13.035)	(12.804)	(13.136)	332	(3%)
Rekstur og annar kostnaður	(871)	(951)	(951)	(942)	(3.715)	(3.773)	(3.680)	(94)	3%
Heildargjöld	(4.165)	(4.052)	(4.376)	(4.159)	(16.751)	(16.577)	(16.816)	239	(1%)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	147	673	270	746	1.836	2.716	700	2.016	288%

	3F 2019	4F 2019	1F 2020	2F 2020	Samtals	S 2019	2018
Váttryggingastarfssemi							
Tjónshlutfall	80,4%	77,1%	84,0%	76,6%	79,5%	80,4%	83,9%
Kostnaðarhlutfall	17,5%	19,2%	19,3%	18,6%	18,6%	19,1%	19,9%
Samsett hlutfall	97,9%	96,3%	103,3%	95,1%	98,1%	99,5%	103,8%
Framlegð	86	149	(134)	206	306	74	(609)
Fjárfestingar							
Ávöxtun fjáreigna	0,7%	2,2%	1,7%	2,1%	6,9%	11,5%	6,6%

Fjárhæðir eru í milljónum króna.

Kynningarfundur kl. 16:15 fimmtudaginn 22. ágúst.

TM býður til opins kynningarfundar um afkomu félagsins á öðrum ársfjórðungi þann 22. ágúst kl. 16:15. Fundurinn fer fram í höfuðstöðvum TM að Síðumúla 24, 4. hæð. Þar kynnir Sigurður Viðarsson forstjóri uppgjörið og svarar spurningum.

Árshlutareikning og afkomutilkynningu verður hægt að nálgast á vef félagsins, TM.is. Kynning á uppgjörinu verður einnig aðgengileg á sama stað við upphaf kynningarfundar. Hægt er að fylgjast með fundinum í gegnum vefinn á slóðinni:

<https://global.gotomeeting.com/join/628419733>

Fjárhagsdagatal 2019.

3. ársfjórðungur: 23. október 2019.

4. ársfjórðungur: 13. febrúar 2020.

Aðalfundur 2020: 12. mars 2020.

Nánari upplýsingar veitir Sigurður Viðarsson, forstjóri TM.

s: 515-2609.

sigurdur@tm.is.